

Umsögn

153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 30 – 30. mál. Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á vinnuhælinu á Kleppjárnsreykjum og aðgerðum íslenskra yfirvalda gegn samskipum íslenskra stúlkna við erlenda hermenn á árum síðari heimsstyrjaldar

Sem sagnfræðingur sem hefur rannsakað ástandið fagna ég því að þetta mál sé aftur komið á dagskrá þingsins.

Rannsókn á vinnuhælinu á Kleppjárnsreykjum ásamt störfum ungmenna eftirlits og ungmennadómstóls er löngu orðin tímabær. Eðlilegast hefði verið að Kleppjárnsreykir hefði verið eitt af verkefnum vistheimilaneftirlits sem hér starfaði enda má segja að „ástandsmálin“ séu sérstök en ekki einstök. Í raun má segja að á Kleppjárnsreykjum og í störfum ungmenna eftirlitsins og -dómsins hafi nýjar aðferðir í barnavernd á Íslandi verið prufukeyrðar á sérstaklega viðkvæmum hópi ungmenna. Horfið var frá sérstakri lögregludeild og sérstökum dómstól en vistheimilin urðu mörg eins og þekkt er orðið.

Ég fagna því að í þingsályktunartillögunni sé sérstaklega tekin fram nauðsyn þess að rannsaka störf ungmenna eftirlitsins og ungmenna dómstólsins. Rannsókn á aðdraganda þess að stúlkur voru sendar á Kleppjárnsreyki er nauðsynleg til þess að skilja þau áhrif sem ferlið allt hafði á þær og er auk þess eini möguleikinn á að ná fram einhvers konar réttlæti fyrir þær stúlkur sem dæmdar voru til vistar á sveitaheimili en voru ekki sendar á Kleppjárnsreyki. Í heimildum getur um 21 stúlku sem send var á sveitaheimili á meðan 13 stúlkur voru sendar á Kleppjárnsreyki. Erfitt er að átta sig á högum þeirra sem fóru á einkaheimili að öðru leyti en því að rannsóknir ungmenna eftirlitsins höfðu vafalaust ekki minni áhrif á þær en þær sem sendar voru á stofnun.¹ Auk þess sem rannsóknir fræðimanna undanfarinn áratug hafa sýnt fram á að framgangna ungmenna eftirlitsins var ekki í samræmi við þau lög sem því var ætlað að starfa eftir². Ekki væri úr vegi að starfsemin á bráðabirgða vistunarúrræðinu sem rekið var í sóttvarnrhúsinu í Ánanaustum í Reykjavík verði líka rannsökuð.

Einnig finnst mér mikilvægt að benda nefndinni á að þó svo að ungmennaeftirlitið hafi í raun verið ein nafngreind kona sé ekki vænlegt að einblína um of á persónu hennar heldur verði að skoða framgöngu hennar í samhengi við það hvaðan hún fékk sín völd og ekki síst hvernig ungmennadómstóllinn vann með henni að nærgöngulur rannsóknaraðferðum.

Tilfni er til að vekja athygli nefndarinnar á skrifum Báru Baldursdóttur sagnfræðings um ástandið og áhrifum persónuverndarlaga á rannsóknnum á sögulegu óréttlæti. Í grein í tímaritinu Sögu árið 2019 bendir Bárá á að: „Lagalegar aðgangstakmarkanir og persónuverndarsjónarmið hafa því háð fræðimönnum í viðleitni þeirra til þess að fá að hlýða á raddir þeirra kvenna sem áttu hlut að máli. Eftir stendur einhliða frásögn ríkisvaldsins af

¹ Agnes Jónasdóttir. “Eigum við að eftirláta hernum stúlkubörninn?” Ástandið á mörkum löggæslu og barnaverndar. Lokaverkefni til MA-gráðu í sagnfræði. Háskóli Íslands 2019. Sjá einnig Agnes Jónasdóttir “Ástandsstúlkun sem vandræðaunglingur” *Saga. Tímarit Sögufélags* LVIII-1 2020.

² Sjá til dæmis: Agnes Jónasdóttir “Ástandsstúlkun sem vandræðaunglingur” *Saga. Tímarit Sögufélags* LVIII-1 2020 og Alma Ómarsdóttir. „Ástandið“ í *fjölmíðlum*. Lokaverkefni til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku. Háskóli Íslands 2013.

samskiptum við borgara sem voru grunaðir eða dæmdir fyrir refsiverða háttsemi.³ Þarna vísar Bára sérstaklega til þess hvernig aðgangsstýring gagna um ástandið og skilmálar sem fræðimenn hafa gengist undir til að fá aðgang að gögnunum hefur í raun komið í veg fyrir að við gætum leitað til þeirra kvenna sem um ræðir í rannsóknum okkar. Því er nauðsynlegt að þetta mál fái fram að ganga og undir þessa rannsókn verði byggðar þær lagastoðir sem tryggja farsælt samstarf Persónuverndar og þeirrar rannsóknarnefndar sem skipuð yrði til að rannsaka þessi mál.

Reykjavík 30. nóvember 2020

Agnes Jónasdóttir, sagnfræðingur

³ Bára Baldursdóttir “Ástandsskjölin, persónuvernd og sögulegt réttlæti”. *Saga. Tímarit Sögufélags* LVII-2 2019.

Umsögn

153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 30 — 30. mál. Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á vinnuhælinu á Kleppjárnsreykjum og aðgerðum íslenskra yfirvalda gegn samskiptum íslenskra stúlkna við erlenda hermenn á árum síðari heimsstyrjaldar.

Kröfur um sögulegt réttlæti hafa færst töluvert í aukana á undanförunum árum. Sé vilji til þess, í nafni lýðræðis og jafnréttis, að feta slíka braut tel ég að það sé yfir allan vafa hafið að bráðabirgðalög 122/1941 um eftirlit með ungmennum, stofnun Ungmennadómstóls og visthælið á Kleppjárnsreykjum ættu að falla undir slíka opinbera endurskoðun.

Koma breska hersins árið 1940 olli víðtæku siðfári (e.moral panic) í íslensku samfélagi og aðgerðir ríkisvaldsins báru sterkan keim af því en þær aðgerðir tóku fljótt á sig mynd kerfisbundins ofbeldis á grundvelli kyns og stéttar. Því er mikilvægt að slík rannsókn einskorðist ekki við þær stúlkur sem dæmdar voru til vistar á Kleppjárnsreykjahælinu heldur taki einnig til þeirra sem var gert að yfirgefa bæinn þar sem þær töldust ekki hæfar til búsetu í þéttbýli. Slík útskúfun á sér fá eða engin fordæmi í sögu Íslands sem fullvalda ríkis. Vert er að benda á að í gögnum Sakadóms Reykjavíkur og Ungmennadómstóls er að finna nokkur dæmi um stúlkur sem sögðu frá kynferðislegri misnotkun í yfirheyrslum en voru samt sem áður dæmdar til að yfirgefa borgina og „rétturinn brýndi fyrir henni að koma ekki til bæjarins í eitt ár og ekki til dvalar í kaupstöðum á sama tíma“ eða hótaði stúlkum málsókn þar sem að „engin merki sjáist þess að hún blygðist sín fyrir kalmannskynnin...“, svo vísað sé beint í gögn Ungmennaeftirlits og Sakadóms. Í báðum þessum tilfellum höfðu stúlkurnar sagt frá nauðgunum af hálfu hermanna.¹

Slík rannsókn myndi byggja á gögnum sem að eru flokkuð sem viðkvæm persónuverndarmál. Eins og Bára Baldursdóttir hefur bent á eru lagalegar aðgangstakmarkanir undir formerkjum persónuverndar tvíbent sverð sem geta stuðlað að þöggun þar sem að „eftir stendur einhliða frásögn ríkisvaldsins af samskiptum við borgara sem voru grunaðir eða dæmdir fyrir refsiverða háttsemi. Því er það álitamál hvort löggjöf sem ætlað er að *vernda* rétt borgaranna geti í þessu tilfelli hafa *hindrað* að sögulegu réttlæti hafi verið fullnægt.“²

Þess má geta að árið 2019 gaf norska ríkisstjórnin út opinbera afsökunarbeiðni til kvenna sem einnig máttu sæta ofsóknum og ofbeldi vegna þess að þær áttu í samböndum við þýska hermenn sem einnig máttu sæta ofsóknum og ofbeldi. Við það tilefni minntist sagnfræðingurinn Guri Hjeltenes á að refsingar norsku kvennanna (til að mynda svipting ríkisborgararéttar) hefðu verið þyngrri en þeirra sem að aðstoðuðu þýska hernámsliðið.

¹ Þí. Sakadómur Reykjavíkur FA9/2. Nr.20. Þí. UE C/2-3 Nr.639. Sjá nánar. Hafdís Erla Hafsteinsdóttir. „Hún var með eldrauðar varir og neglur en að öðru leyti ekkert athugaverð í útliti. Skjalasafn Ungmennaeftirlitsins og ímynd ástandsstúlkunar. *Saga* LV:2 (2017), 53–86.

² <https://saga.sogufelag.is/umsagnir/bara-baldursdottir/>

Talið er að um 28 norskir karlar hafi gíft þýskum konum úr hernámsliðinu. Enginn þeirra var rekinn úr landi eða sviptur ríkisborgararétti.³

Reykjavík, 28.nóvember 2022

Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, sagnfræðingur

³ <https://www.regjeringen.no/no/dokumenter/utredning-om-norske-myndigheters-behandling-av-tre-utvalgte-grupper-etter-andre-verdenskrig/id2557482/>

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2022
Tilvísun: 2022111914/E.Þ.H.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á vinnuhælinu á Kleppjárnsreykjum o.fl.

1.

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 16. nóvember 2022 um umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á vinnuhælinu á Kleppjárnsreykjum o.fl. (þskj. 30, 30. mál á 153. löggjafarþingi).

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að forsætisráðherra verði falið að skipa nefnd til að rannsaka starfsemi vinnuhælisins á Kleppjárnsreykjum á árunum 1942-1943.

Fram kemur í greinargerð sem fylgir þingsályktunartillögunni að nauðsynlegt sé að starfsemi vinnuhælisins á Kleppjárnsreykjum verði sérstaklega rannsökuð og að jafnframt verði rannsakað hvernig staðið hafi verið að aðgerðum yfirvalda til að sporna við því sem yfirvöld töldu óæskilegan umgang íslenskra kvenna við erlenda hermenn. Verði í því skyni sérstaklega rannsakaðar skýrslur yfirmanns ungmennaeftirlits lögreglunnar, setning laga nr. 62/1942 og úrskurðir ungmennadómstólsins svokallaða sem fjallaði um meint brot á framangreindum lögum. Þá kemur fram í greinargerð að gert sé ráð fyrir að ráðherra meti hvort vistheimilisnefnd verði falin bæði rannsóknarefnið eða hvort betur fari að sérstök nefnd verði skipuð til að rannsaka aðgerðir yfirvalda aðrar en starfsemi vinnuhælisins á Kleppjárnsreykjum.

2.

Með lögum nr. 26/2007 var komið á fót nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila, en lögin féllu úr gildi í janúar 2021. Lög nr. 26/2007 voru sett í gildistíð eldri laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og teldust ekki fullnægja kröfum til sérstakrar lagaheimildar eins og þær birtast í núverandi persónuverndarlöggjöf. Að mati Persónuverndar verður fyrirliggjandi þingsályktunartillaga ekki heldur talin uppfylla kröfur núverandi persónuverndarlöggjafar til sérstakrar lagaheimildar, en þar eru áskilin sértæk ákvæði um vernd persónuupplýsinga eftir því sem nauðsyn ber til, sbr. m.a. g-lið 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

Að mati Persónuverndar er þörf á sérstakri lagaumgjörð um störf nefndar sem skipuð verði til að rannsaka starfsemi vinnuhælisins á Kleppjárnsreykjum o.fl. Telja verður að sú leið sé best til þess fallin að tryggja að fullnægjandi heimild, samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð (ESB) 2016/679, sé til staðar. Var það jafnframt niðurstaðan við



veitingu heimildar Reykjavíkurborgar til að skipa nefnd til að kanna starfsemi vöggustofu, sbr. lög nr. 45/2022.

Ljóst er að fyrirhuguð rannsókn myndi fela í sér umfangsmikla vinnslu persónuupplýsinga, oft viðkvæmra persónuupplýsinga, og í einhverjum tilvikum upplýsinga um aðila sem standa höllum fæti. Í 2. gr. auglýsingar nr. 828/2019 um vinnsluáðgerðir sem ávallt krefjast mats á áhrifum á persónuvernd segir að í flestum tilfellum, þar sem framkvæma eigi matið, sé um að ræða vinnslu persónuupplýsinga sem lúti að tveimur eða fleiri flokkum sem tilgreindir eru í ákvæðinu. Að mati Persónuverndar getur fyrirhuguð vinnsla lotið að þremur flokkum 2. gr., þ.e. 4., 5. og 7. flokki. Þá ber einnig að líta til 10. tölul. 3. gr. auglýsingarinnar þar sem fjallað er um skyldu til að gera mat á áhrifum á persónuvernd áður en unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar í rannsóknarskyni án samþykkis hins skráða. *Með vísan til framangreinds telur Persónuvernd skylt að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd áður en vinnsla hefst eða þegar umfang gagnasöfnunar og aðferðir við vinnslu liggja fyrir.*


Þá skal einnig tekið fram að rannsókn eins og fjallað er um í þingsályktunartillögunni er líkleg til að komast í opinbera umræðu. Á það einkum við um skýrslu um rannsóknarniðurstöður, en ljóst er að hún gæti með einhverjum hætti snert tiltekna einstaklinga, t.d. ef einstaklingar yrðu bornir einhverjum sökum eða ef álitid yrði að einstaklingar hefðu verið beittir misrétti. Tekið er tillit til þessa í lögum um rannsóknarnefndir, nr. 68/2011, en þau lög taka til rannsóknarnefnda sem Alþingi skipar. Meðal þess sem sérstaklega er tekið af skarið um í lögnum eru álitafni í tengslum við birtingu upplýsinga sem rannsóknarnefnd fær í hendur, svo og það hvenær gögn frá nefndinni skuli afhent Þjóðskjalasafni Íslands, sbr. 11. gr. og 4. mgr. 13. gr. laganna, sbr. og 39. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Þá má nefna þá meðalhófsreglu 4. mgr. 6. gr. laga nr. 68/2011 að rannsóknarnefnd skuli beita heimildum sínum til öflunar gagna og upplýsinga í þágu lögmatra markmiða sem tengjast rannsókn nefndarinnar og gæta þess að ganga ekki lengra en nauðsyn krefur.

Að mati Persónuverndar er nauðsynlegt að tekið verði afstaða til framangreindra atriða og þau komi fram í þeirri lagabeimild sem forsætisráðherra verði veitt til að skipa nefnd til að kanna starfsemi vinnubælisins á Kleppjárnsreykjum o.fl. Telur Persónuvernd að vafi geti að öðrum kosti leikið á því hvort fullnægt sé þeim kröfum sem gera verður til lagabeimildar til vinnslu persónuupplýsinga.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni þingsályktunartillögunnar að svo stöddu.

Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Vigdís Eva LINDAL


Edda Þuríður Hauksdóttir

um rannsókn á vinnuhælinu á Kleppjárnsreykjum og aðgerðum íslenskra yfirvalda gegn samskiptum íslenskra stúlkna við erlenda hermenn á árum síðari heimsstyrjaldar.

153. Löggjafarþing 2022-2023

Þingskjal 30 — 30. Mál.

Umsögn um þingskjal 30 - 30. mál.

Um rannsókn á vinnuhælinu á Kleppjárnsreykjum og aðgerðum íslenskra yfirvalda gegn samskiptum íslenskra stúlkna við erlenda hermenn á árum síðari heimsstyrjaldar.

Öfgar fagna að tekið skuli fyrir mál þolenda Ungmennadómstóls og í þessu tilfelli þolenda Kleppjárnsreykja. Allt of lengi hefur verið reynt að þagga niður sögu þessara þolenda, hún hvítþvegin eða slegin upp sem saga ástsjúkra ungmeyja. Er það trú okkar Öfga að í dag verði hlustað á þessa þolendur og mál þeirra tekið föstum tókum þar sem nóg er um liðið og sumir þessara þolenda enn á lífi.

Öfgar telja að mikilvægt sé að Íslenska ríkið viðurkenni þann skaða sem þau ollu með opinberri afsökunarbeiðni til þolenda og aðstandenda þeirra. Við teljum að þolendur eigi rétt á skaðabótum frá ríkinu rétt eins og þolendur annara vistheimila hafa fengið. Sé Íslenska ríkið of seint er varðar bótagreiðslna til þolenda Kleppjárnsreykja skulu þær bætur erfast til nánustu afkomenda.

Öfgar telja mikilvægt að í kjölfar rannsóknar á Kleppjárnsreykjum skuli íslenska ríkið útvega viðeigandi stofnun fjármagn í að uppfæra þau kennslugögn sem gefið hafa ranga sýn á raunir kvenna á stríðsárunum. Að niðurstaða rannsóknar verði hluti af kennsluefni um stríðsárin á Íslandi. Með fræðslu sporum við því að sagan endurtaki sig. Að annað siðfár er varðar kynfrelsi stúlkna og kvenna á Íslandi eigi sér stað.

Öfgar telja mikilvægt að rannsóknarnefnd fái öll gögn, einnig þau sem eru læst svo að niðurstaða rannsóknarnefndar gefi rétta mynd á Kleppjárnsreyki. Einnig teljum við mikilvægt að niðurstaða rannsóknarnefndar verði gerð opinber og að þolendur Kleppjárnsreykja séu nafnverndaðar.

um rannsókn á vinnuhælinu á Kleppjárnsreykjum og aðgerðum íslenskra yfirvalda gegn samskiptum íslenskra stúlkna við erlenda hermenn á árum síðari heimsstyrjaldar.

153. Löggjafarþing 2022-2023

Þingskjal 30 — 30. Mál.

Almennar athugasemdir:

Öfgar leggja til að breytt verði um orðanotkun á orðinu „fórnarlamb“ og því skipt yfir í orðið þolandi. Þessum konum var ekki fórnað, þær voru þolendur mögulegrar valdaníðslu, vanrækslu og smánunar.

Fh Öfga,

Hulda Hrund Guðrúnar Sigmundsdóttir og Ólöf Tara Harðardóttir